

Nd.

385. Frumvarp til laga

[192. mál]

um breyting á lögum nr. 59 frá 20. maí 1965, um Landsvirkjun.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Í stað 1. málsg. 15. gr. laganna komi málsgrein, er hljóði svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til Búrfellsvirkjunar, að fjárhæð allt að 3128 millj. kr. (35.5 millj. dollara) eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samningi ríkisstjórnarinnar og Swiss Aluminium Limited, frá 28. marz 1966, um álbræðslu í Straumsvík, er gert ráð fyrir því, að bræðslan verði reist í þrem áföngum, þannig að í fyrsta áfanga verði árleg afköst hennar 30.000 tonn af áli, í öðrum 45.000 tonn og í þeim þriðja 60.000 tonn. Samningurinn gerir enn fremur

ráð fyrir því, að fyrsta áfanga sé lokið 1969, öðrum ekki síðar en 1972 og þeim þriðja ekki síðar en 1975, nema aðilar verði ásáttir um, annað. Eftir samningsgerðina þótti fljótlega sýnt, að tveim síðustu áföngum bræðslunnar yrði flýtt, og eru nú allar horfur á því, að hún verði komin í fulla stærð árið 1972, sem er þrem árum fyrr en umræddur samningur gerir ráð fyrir. Áætlanir um Búrfellsvirkjun miðast við það, að fyrri virkjunaráfanganum, sem er 105 MW, ljúki á þessu ári um leið og fyrsta áfanga álbræðslunnar, en aflþörf hans er 60 MW og síðari virkjunaráfanganum áður, eða um leið og álbræðslan er komin í fulla stærð, en þá er virkjunin 210 MW og aflþörf bræðslunnar 120 MW. Eigi bræðslan að geta verið komin í fulla stærð 1972, er því nauðsynlegt að ljúka báðum áföngum Búrfellsvirkjunar fyrir þann tíma og hefur þegar verið að því stefnt með því að flytja hluta af framkvæmdum seinni virkjunaráfangans yfir á þann fyrri.

Í desember 1965 var stofnkostnaður seinni áfanga Búrfellsvirkjunar áætlaður 305.5 millj. kr. á þáverandi gengi, að vöxtum á byggingartíma frátöldum, eða um 520 millj. kr. á núverandi gengi. Að vöxtum og verðhækkunum meðtöldum, áætlast þessi kostnaður nú 661 millj. kr. eða 7.5 millj. dollara. Sé framkvæmdum við seinni áfangann hraðað, verður ekki fyrir hendi það fé, sem upphaflega var ætlunin að verja til þeirra úr rekstri árin 1972—1975 samfara minni framkvæmdahraða. Því er fyrirsjáanlegt að taka verður lán fyrir öllum kostnaðinum við seinni áfangann að fjárhæð alls um 7.5 millj. dollara.

Í 1. málsgr. 15. gr. laganna um Landsvirkjun er nú fyrir hendi heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til Búrfellsvirkjunar að fjárhæð allt að 1204 millj. kr. (28 millj. dollara) eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annari erlendri mynt. Þessi fjárhæð er 2467 millj. kr. á núgildandi gengi (§ 1= kr. 88.1). Með frumvarpi þessu er lagt til, að umrædd heimild verði hækkuð um 661 millj. kr. eða 7.5 millj. dollara vegna lána, sem nauðsynlegt er að taka samkvæmt framangreindu vegna seinni áfanga Búrfellsvirkjunar. Að fenginni þessari hækkun yrðu fyrir hendi ríkisábyrgðarheimildir samkvæmt 15. gr. laganna að fjárhæð alls 3128 millj. kr. (35.5 millj. dollara), en eins og fram kemur í athugasemdum við þá grein í frumvarpinu að Landsvirkjunarlögunum er núverandi fjárhæð greinarinnar aðeins miðuð við lántökur vegna stofnkostnaðar við fyrstu framkvæmdir í þágu Búrfellsvirkjunar.

Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að 2. málsgr. 15. gr. laganna um Landsvirkjun gildi áfram óbreytt, en hún felur í sér heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að taka lán, sem komi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. málsgr. greinarinnar, og endurlána það Landsvirkjun.